


Með Sveinbjörn til Vestmannaeyja

Við lögðum af stað til Vestmannaeyja klukkan 10:00. Við keyrðum frá höfuðborgarsvæðinu til Þorlákshafnar. Amma og afi komu með til eyja. Herjólfur fer frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Í Herjólfli er hægt að kaupa alls konar nammi, samlokur og drykki. Siglingin frá landi til Vestmannaeyja tekur tæpa þrjár klukkustundir. Það er hægt að horfa á myndir í Herjólfli. Það var rosalega gaman á leiðinni til Eyja. Við vorum komin um þrjú leytið. Þegar við komum til Eyja tók mamma á móti okkur. Hún var í kennaraferð. Við sváfum í tvær nætur í bústað sem heitir Bjarnarey. Eyjabústaðirnir eru þrír talsins, sá fyrsti heitir Elliðaey, sá næsti heitir Bjarnarey og sá þriðji og síðasti heitir Surtsey. Þegar bílar fóru um eyjuna þyrlandist upp aska af því að það var öskufall úr Eyjafjallajökli þessa helgi. Við fórum á Fiska- og náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum.



Það var margt að skoða á safninu. Hægt var að sjá uppstoppaða og lifandi fiska. Til sýnis voru, geitungar með búinu sínu, fiðrildi, fuglar og dýrategundir. Það voru myndir af



jarðskjálfta sem átti sér stað í eyjunum.

Við fórum að spranga og það var gaman en erfitt að halda sér í kaðalinn. Við sprönguna hitti ég bekkjarsystur mína hana Perlu Kolbrúnu en hún var á fimleikamóti. Við fórum líka í sund en Sveinbjörn beið í bílnum á meðan. Við gátum bara farið í innilaugina af því að það var verið að þrifa útilaugina eftir öskufallið. Við fórum heim á mánudagsmorgninum með Herjólfli og þá fór ég beint í skólann. Þetta var rosalega skemmtileg ferð.

Jóhanna María 3. EÞ

